

Hér
er laust
auglýsingapláss

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

418. tbl - 9. árg.

1. október 2009

SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík

- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

Líf og fjör í félagsmiðstöðinni Afdrep

Félagsmiðstöðin Afdrep hefur tekið aftur til starfa eftir sumarfrí, unglingarnir ásamt umsjónarmönnum tóku til hendinni áður en hún var opnuð og máluð hana alla ásamt ýmsum öðrum lagfæringum og er aðstaðan mjög flott. Félagsmiðstöðin verður opin í vetur á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 19:30-22:00 og verða ýmsar uppkomur í boði.

Samkeppni er í gangi um nýtt merki fyrir Afdrep, einnig er samkeppni um nýtt slagorð sem verður prentað aftan á peysur merktar félagsmiðstöðinni. Næsta stóra verkefni Afdreps er undankeppni í Stíl og Söngkeppninni en hún verður haldin í Klifi þann 22. okt nk. Búið er að stofna félsbókarsíðu og þar eru upplýsingarnar uppfærðar jafnóðum og einnig er þar að finna



myndir af starfinu. Umsjónarmenn eru þau Krisgeir Kristinsson og Hrafnhildur Árnadóttir



Nýtt á sölu



Ólafsvík
Ólafsbraut 36 er á tveimur hæðum og hvor hæð er 96 fm. Efri hæðin skiptist í forstofu, hol, stofu, baðherbergi, eldhús og tvö herbergi. Forstofan er með flisum á gólfu en baðherbergið, svefnherbergið og eldhúsið er með dúk á gólfu. A stofu og holi er parket. Loftin eru panelklædd. Neðri hæðin skiptist í sjónvarpshol með flisum á gólfu, tvö herbergi með parketi, þvottahús og geymslu. Þakið á húsinu er gott og gluggar í góðu lagi. Húsið stendur við aðalgotu bæjarins.

Ásett verð kr. 16 millj.



Ólafsvík
Brautarholt 7 n/hæð er 107,1 m auk sameignar. Íbúðin er byggd 1957 og skiptist forstofu, hol, eldhús, búr, baðherbergi stofu, fjögur herbergi og þvottahús. Parket er á stofu, holi og einu herbergi en flisar eru á eldhúsi. Dúkur er á baði og þremur herbergjum Sameiginlegur inngangur er með efri hæðinni og einnig er inngangur bakvið húsið. Íbúðin er í góðu standi ma. nýleg eldhúsinnrétting. Bílskur 24,7 fm er á lóðinni og er hann sambyggður við annan í eign efri hæðar.

Ásett verð kr. 12,5 millj.

Sjá upplýsingar
um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingfófur G. Gissurarson, lögilltur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

ÍBÚÐ TIL SÖLU



Hjarðartún 10, efsta hæð

119 fm. íbúð á efstu hæð í þrjúgjá hæða steinhúsi byggðu árið 1963. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, þvottahús, fjögur svefnherbergi, baðherbergi og sameiginlega geymslu. Sameiginlegur stigagangur er með öðrum hæðum. Nýjar flisar eru á forstofu, flisar eru á baðherbergi, parket er á holi, stofu og herbergjum og parketflisar á eldhúsi. Agætar innréttingar eru í eldhúsi og baðherbergi, nýr skápur er í forstofu og skápur í þremur herbergjum. Nýjrir gluggar og nýtt þak.

Verð 16.500.000.-

Sjá myndir og nánari upplýsingar um eignina og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasölnunnar: fasteignsnae.is

Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf uminn af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.

Fasteigna- og skípasala Snæfellsness
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skípasali.
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

Fjöldi gesta í Fiskasafnið

Frá því að Fiskasafnið í Ólafsvík opnaði í vor hefur verið mikið um gesti í safninu, frá opnun til miðs september hafa yfir 3500 gestir heimsótt safnið og í september einum hafa rúmlega 200 gestir komið í safnið, það verður að teljast nokkuð gott miðað við það að almennt hafa söfn og aðrir ferðamannastaðir á Snæfellsnesi verið lokaðir frá ágústlokum,

ferðamenn hafa því lítið við að vera ef þeir dvelja á Snæfellsnesi.

Fiskasafnið var opið í sumar alla daga frá 9 - 18, ákveðið hefur verið að hafa safnið opið í vetur frá 13 - 16 virka daga og eru bæjarbúar og aðrir gestir velkomnir, eins og áður kostar ekkert inn tekið er á móti frjálsum framlögum í bauk sem staðsettur er í safninu.



HEIM-SENDIR
Vörufreiðsla að Norðurtanga 1
Sími 431 5613 - 895 5613 - 899 5613 - 899 5624 - netf. vorur@simnet.is

VFS
VÖRUFLOTNINGASTÓÐIN
Vörufreiðsla Héðinsgötu 1-3
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Opið í Reykjavík til kl. 17 mán. - fimmtud.
Sömu lágu verðin - Verslum í heimabyggð


HERBALIFE

Breyttur lífsstíll.
Drekktu í þig orku, daglega

Næringadrykkir frá Herbalife eru úrvals valkostir.

Fáðu sendann frían prufupakka
Sesselja, sími: 6595819
E-mail: birtad@simnet.is

Getraunir

Áskorendaleikurinn fór þannig VK lagnir- Bára SH 8-6. Strákarnir á Bárunni skora á strákana á Matthíasi SH. Snæfellsbæjarmótið fer af stað um helginna aðeins 8 lið eru búinn að skrá sig, möguleiki er að mæta á laugardaginn og vera með. Í fyrstu umferð mætast Vinir Togg-Dilotte. Bylgjankk-Gunnar Bjarnason. Bylgj-ankvk-Saxhamar. Ferskur-Dísurnar. Fyrsti vinningur hjá getraunum um helginna er 38 millj. Mætum í Íþróttahúsið og TIPPUM á laugardaginn opið frá 10.30 til 13.00. Heitt kaffi á könnunni. Munið félagsnúmerið 355.

Áfram Víkingur.
Stjáni Tótu.


AÐALFUNDUR

Aðalfundur Framsóknarfélags Snæfellsbæjar verður haldinn í Framsóknarhúsinu Miðbæ, þriðjudaginn 6. október n.k. kl. 20:00

Alþingismennirnir Gunnar Bragi Sveinsson og Guðmundur Steingrímsson verða gestir fundarins.

Stjórnin.


HOBBITINN
Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

Ís í vél!

Bæjarblaðið
JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Nýr starfsmaður hjá bæjarblaðinu



Hrafn Arnarson hefur verið ráðinn í hlutastarf hjá Jökli, hann hefur störf 1. október. Hrafn mun sjá um fréttaoöflun og söfnun auglýsinga.

Hrafn er fæddur árið 1953 í Reykjavík en ólst upp í Ólafsvík. Að loknu námi í Þýskalandi hefur hann aðallega starfað sem framhaldsskólakennari og leiðsögumaður. Hrafn er nú búsettur á Hellissandi ásamt fjölskyldu sinni.



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?
Logar viðvörðunarljós í mælaborði?
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

Ejub þjálfar meistaraflokkinn

Ejub Purisevic hefur verið ráðinn þjálfari VíkingsÓ, með samningi til tveggja ára. Það þarf ekki að kynna Ejub eða hans góðu störf hér, en hann hefur unnið mjög gott starf við þjálfun nánast allra flokka í knattspyrnu, fundið hæfileikana hjá krökkunum og búið til

marga góða knattspyrnumenn. Ejub er þjálfari með mikinn metnað og því öruggt að hann stefnir beint í fyrstu deildina aftur með hraði.

Við óskum honum góðs gengis með liðið.

ÓHS



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

Brynjar í landsliðinu

Kristinn Rúnar Jónsson landsliðsþjálfari U19 í knattspyrnu hefur gefið út landsliðshóp fyrir undankeppni EM. Þar kemur fram að hann hefur valið Brynjar Gauti Guðjónsson leikmann Víkings Ó í lands-

lið Íslands sem mun taka þátt í undankeppni Evrópumóts U19 landsliða, undankeppnin fer fram í Bosn-íu 5. - 13. október n.k.

Brynjari og Víkingi óskum við til hamingju.



STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík steinprent@simnet.is
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

Skólastefna Snæfellsbæjar



Síðastliðið haust fól bæjarstjórn Snæfellsbæjar skólanefndinni að vinna að skólastefnu fyrir Snæfellsbæ. Skólanefnd setti sér það markmið að skila endanlegum drögum stefnunnar ekki síðar en í maí 2009. Strax var farið í undirbúning stefnumótunarvinnunnar sem fór svo á fullan skrið í janúar 2009.

Leitað var til Önnu Kristínar Sigurðardóttur, deildarforseta kennaradeildar Háskóla Íslands til að aðstoða við skipulagningu vinnunnar og ákveðið var að hafa sem breiðasta aðkomu bæjarbúa að verkefninu, enda tilheyra skólarnir bæjarbúum öllum. Sú leið var valin að hafa samband við félagasamtök bæjarfélagsins og óska eftir aðkomu þeirra að stefnumótunarvinnunni með skólanefndinni. Heppnaðist það prýðilega og vel var haldið á spöðunum enda tóku stefnumótunarfulltrúarnir verkefni sitt mjög alvarlega. Magnús Þór Jónsson skólastjóri var svo verkefnisstjóri og tengiliður Önnu Kristínar á staðnum. Haldnir voru 3 vinnufundir, hinn fyrsti 17. janúar og á milli vann starfsfólk og stjórnendur skólanna úr afurðum vinnufundanna.

Skólanefnd gekk svo frá

skólastefnunni síðastliðið vor og skilaði af sér til bæjarstjórnar sem samþykkti Skólastefnu Snæfellsbæjar samhljóða.

Skólastarf er mjög stór þáttur í samfélaginu hér í Snæfellsbæ. Hér starfa fjórar skólastofnanir og ein þeirra á þremur starfsstöðvum. Starfsemi skólanna á því erindi inn á öll heimili bæjarfélagsins og mikilvægt að vel sé að skólastarfinu staðið.

Það er von skólanefndar að skólastefnan muni gagnast vel, stjórnendum skólanna og bæjarfélagsins, til að gera góða skóla enn betri. Hún verði í senn rammi og leiðarljós skólastarfsins sem miði að því að skila af sér sjálfstæðum, vel menntuðum og ábyrgum einstaklingum við lok skólagöngu í Snæfellsbæ.

Skólastefna Snæfellsbæjar verður kynnt í Áttthagastofnunni miðvikudaginn 7. október kl. 17:00 og hvet ég alla til að koma og kynna sér framtíð starfsemi skólanna í Snæfellsbæ. Skólanna okkar.

Formaður skólanefndar
Örvar Marteinson



Bætt heilsa - Breyttur lífstíll

Holl næring, frábær morgunverður
Vertu vel undirbúinn fyrir daginn.

Fáðu frían Prufupakka heim
Bý í Snæfellsbæ.

Dóra Einarsd
S. 5811104 – 6961104
dora@simnet.is
www.heilsufrettir.is/tedda

Breytingar hjá Félags- og skólajónustunni



Í kjölfar nýrrar stefnumótunar og áherslna hafa orðið nokkrar breytingar á starfskipulagi Félags- og skólajónustu Snæfellinga. Þá fagnar stofnunin áratugarafmæli sínu í vetur.

Megininntak breytinganna er aukin áhersla á faglega styrkingu starfsmannahalds og endurskipulagning starfsáttá stofnunarinnar í kjölfar þess.

Sem fyrr eru rekstursaðilar FSSF sveitarfélögin hér á Snæfellsnesi, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólms-

bær. Þá þjónustar FSSF Eyja- og Miklaholtshrepp á sviðum barnaverndarþjónustu, skv. sérstökum samningi þar um. Stjórn FSSF skipa þau Erla Friðriksdóttir, Stykkishólmi, formaður, Kristinn Jónasson, Snæfellsbær og Sigríður Finssen, Grundarfjarðarbær. Starfsmenn FSSF starfa að félags- og skólajónustupáttum í samráði og í umboði félagsmálanefndar Snæfellinga. Hana skipa þau Helga Sveinsdóttir, formaður, Stykkishólmi, Helga Guðmundsdóttir, Stykkishólmi, Baldvin Leifur Ívarsson, Snæ-

fellsbær, Lára Sverrisdóttir, Snæfellsbær og Matthildur Guðmundsdóttir, Grundarfjarðarbær.

Ráðnir hafa verið 2 sálfræðingar til starfa hjá FSSF, hjónin Inga Stefánsdóttir og Sigurður Ragnarsson. Inga þjónustar grunn- og leikskóla Nessins en Sigurður starfar ásamt öðru starfsfólki að barnaverndarmálum auk annarra starfssviða félagsþjónustunnar.

Sem fyrr er Hulda Skúladóttir kennslu- og námsráðgjafi í grunn- og leikskólum. Nýr starfsmaður í ráðgjöf er Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir, guðfræðingur. Kemur hún í stað Herdísar Þór Snorradóttur, ráðgjafa, sem nú er í barnsburðarleyfi.

Stefán Jóhann Sigurðsson lætur nú af starfi skrifstofustjóra FSSF. Stefán Jóhann hefur gegnt því starfi allt frá stofnun Félags- og skólajónustu Snæfellinga eða í um 10 ár. Hann hefur lagt af mörkum drjúgan skerf við mótun skrifstofuhalds og þjónustu FSSF og alið af sér margan forstöðu- og starfs-

manninn. Við þessu tímamótum sendum við Stefáni Jóhanni okkar bestu kveðjur og þakki fyrir starfsframlag hans hjá okkur þennan fyrsta áratug í starfsemi FSSF. Jafnframt óskum við honum og fjölskyldu hans allra heilla á þessum tímamótum í lífi hans. Eftir sem áður njótum við mikillar starfsorku Stefáns Jóhanns á hinum ýmsu sviðum félagsstarfs hér um slóðir og víðar.

Ég býð nýtt starfsfólk FSSF velkomið til starfa og óska nú sem fyrr góðs og þýðingarmikils samstarfs okkar við íbúana, félög og stofnanir á Snæfellsnesi um alla vegferð og velferð íbúa svæðisins. Frekari upplýsingar um hlutverk og starfsemi FSSF má sjá í bæklingi sem borinn verður inn á öll heimili á Snæfellsnesi innan skamms, sömuleiðis á heimasíðu okkar, fssf.is.

Sveinn Þór Elinbergsson,
forstöðumaður.

Deildakeppni skákfélaga



Um síðustu helgi tefldu skákmenn hvaðanæfa af landinu í Rimaskóla í Grafarvogi. Alls tefldu 352 skákmenn á öllum aldri í 4 deilum. Í fyrsta skipti tefldi

sveit eingöngu skipuð konum. Deildakeppnin er langfjölmennasta mót sem haldið er héraðs. Taffélag Ólafsvíkur og síðar Snæfellsbæjar hafa tekið þátt í þessu móti mörg undanfarin ár. Árangur hefur yfirleitt verið allgóður. Að þessu sinni var Sigurður Scheving liðstjóri. Meðal skákmanna sem tefldu voru Hrafn Arnarson, Rafn Guðlaugsson og Hermann Hjartarson.

HA



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199


VIRKIÐ Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll meiri orka.

Erla og Reynir sjálfstæðir dreifingaraðilar
8474008 - 8486710 - erlaogreynir@simnet.is



LIFANDI FISKAR

Opið í vetur frá 13 - 16 virka daga

Verið velkomin í Sjárvarsafnið í Ólafsvík

Félagslíf NFSN

Ýmislegt hefur verið á döf-
inni hjá nemendum FSN að
undanförnu. Nýnemar voru
vígðir inn í skólann með
pompi og pragt í september-
byrjun. Mikil tilhlökkun var
fyrir deginum þar sem ekki
var busun árið áður. Þegar
busarnir mættu í skólann tók
við heljarinnar dagskrá sem
útskriftarnemar og stjórn
nemendaráðs sáu um. Bus-
arnir voru sprejjaðir með
hárspreyi og klæddir í rusla-
poka, en eftir það áttu þeir
að dansa, leika og margt
fleira. Þegar öllu sprelli innan
veggja skólans lauk héldu
busarnir í halarófu upp í gil.
Þar voru þau boðin velkomin
með hákarlsbita og svo beið
þeirra þrautabraut en í henni
fólst meðal annars að skríða
undir net og stökkva í gegn-
um dekk. Eftir þrautabraut-
ina fengu allir nemendur
pylsur og gos. Þar með voru
busarnir vígðir inn í skólann
og samþykktir af sér eldri
nemendum. Um kvöldið sáu

svo Ingó og Veðurguðirnir
um ball í samkomuhúsinu í
Grundarfirði þar sem allir
nemendur skólans skemmtu
sér saman.

Í síðustu viku var útivist-
dagur FSN svo haldinn með
glæsibrag. Veðrið var gott á
nemendur og kennara og



þátttaka góð. Dagurinn byr-
aði með morgunleikfimi í
boði Jakobs Braga kennara
en síðan skelltu nemendur
sér út. Safarík dagskrá var á
boðstólnum þennan dag.
Fyrir hádegi fengu nemendur
að velja á milli nokkurra

stöðva, en boðið var uppá
fótbolta, körfubolta, kraft-
göngu og gömlu góðu leik-
ina, eins og brennó og yfir.
Eftir hádegismat fóru nem-
endur svo í ratleik sem inni-
hélt þrautir víðsvegar um bæ-
inn. Útivistardagurinn er
skemmtileg tilbreyting frá

utan skólatíma og „chilla“
(slaka á) saman. Þar stendur
nemendum til boða að spila,
horfa á mynd, lana (spila
tölvuleiki saman), fara í fót-
boltaspil og margt fleira.

Seinustu helgi héldu nem-
endur skólans svo á paintball
mót í Grafarvogi. 10 lið, með
7 leikmönnum í hverju liði
kepptu sín á milli. Liðin
fengu stig fyrir hvern unnin
leik en það lið sem endaði
með flestu stigin stóð uppi
sem sigurvegari. Svona mót
eru haldin í flestum skólum á
landinu og keppa svo sigurlið
frá hverjum skóla sín á milli.
Það lið sem stendur uppi
sem sigurvegari eftir þá
rimmu er framhaldskóla-
meistari í paintball. Þótti
mótið takast með eindæmum
vel og var mikil stemming
meðal þátttakenda.

Fyrir hönd ritnefndar
NFSN

Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir
og Sonja Sigurðardóttir

Sundæfingar



Nú hvetjum við alla krakka sem hafa þriðja sundstig að mæta á sundæfingar og stunda góða og skemmtilega íþrótt.

Skipt verður sundæfingunum niður í A hóp eldri og B hóp yngri ef næg þáttaka verður og verða æfingarnar þá tvo daga í viku.

Skráningar eru við mætingu hjá sundþjálfara.

Æfingar eru hér sem segir:

- A hópur- mánudaga,
- B hópur-þriðjudaga,
- A hópur-miðvikudaga,
- B hópur-fimmtudaga kl: 16:10 - 17:10

Kær kveðja Sundráð og sundþjálfari.



Skólafélagið Snæfellsbæjar

„Nám og náttúra að leiðarljósi“

Almennur kynningarfundur skólanefndar Snæfellsbæjar um stefnuna verður haldin í Áttthagastofu Snæfellsbæjar miðvikudaginn 7. október milli kl. 17 og 19.

Skorum á bæjarbúa að koma og kynna sér stefnuna og vinnuna sem staðið hefur yfir við mótun hennar.

Skólanefnd Snæfellsbæjar

Efning erlendra kvenna IT'S OUR DAY!



Námskeið fyrir erlendar konur

06.október til 22.október

Kl 18:00 til 21:30 (6 kvöld)

Þriðjudaga og fimmtudaga

Áttthagastofa Ólafsvík

Kr.2500

Skráning hjá Barböru í síma 4361426 eða barbara@fsn.is



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

INGJALDSHÓLSKIRKJA

Æskulýðsmessa

verður haldin í Ingjaldshólskirkju nk. sunnudag kl. 11.

Stundin er um leið sameiginlegur

sunnudagaskóli

Ingjaldshóls- og Ólafsvíkurkirkna.

Barnakór Snæfellsbæjar leiðir sálmasöng.
Fermingarbörn lesa ritningarlestra.
Djús og dund í safnaðarheimili eftir messu.

Allir velkomnir

Sóknarprestur

